



Akraneskaupstaður  
Regína Ástvaldsdóttir, bæjarstjóri  
Stillholti 16 - 18  
300 Akranes

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 15. nóvember 2016  
Tilv.: VEL16110088/02.15.00

### Efni: Framboð á lóðum vegna uppbyggingar almennra íbúða.

Pann 10. júní 2016 tóku gildi lög nr. 52/2016 um almennar íbúðir en markmið þeirra er m.a. að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguþúsnaði. Í lögunum er gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög veiti stofnframlög til bygginga eða kaupa á almennum íbúðum. Sveitarfélög hafa heimildir til þess að veita sín stofnframlög í formi lóða, beinna fjárfamlaga eða afsláttar á gjöldum sem framkvæmdaraðila ber að inna af hendi.

Íbúðalánasjóður sér um framkvæmd laganna fyrir hönd ríkisins og auglýsti hann eftir umsóknum um stofnframlög í september, umsóknafrestur rann út 15. október sl. og bárust umsóknir vegna kaupa eða byggingar á 571 íbúð. Samkvæmt lögunum skal við úthlutun stofnframlaga m.a. líta til þess á hvaða svæði sé þörf fyrir leiguþúsnaði fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum. Staðan á húsnæðismarkaði er þannig í dag að talsverður skortur er á íbúðarhúsnæði og hefur því verið lögð áhersla á að fjölga íbúðum með nýbyggingum í þeiri úthlutun sem nú er unnið að en til þess að hægt sé að byggja þarf að vera nægjanlegt framboð á byggingarlóðum.

Ráðuneytið vill hvetja sveitarfélögin til þess að tryggja nægjanlegt framboð af lóðum til nýbygginga svo mæta megi þörf fyrir íbúðarhúsnæði fyrرنefnds hóps. Þá er ítrekað mikilvægi þess að sveitarfélögin meti reglulega þörf fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis m.a. með gerð húsnæðisáætlana og að á hverjum tíma sé framboð á lóðum í samræmi við mat sveitarfélagsins og áætlanir þess.

Fyrir hönd félags- og húsnæðismálaráðherra

Boll Þór Bollason

Rún Knútsdóttir

Akraneskaupstaður



Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
10.9	Gjó	17 NOV. 2016
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
RÁ	SPH	16/11/12